



Kópavogi, 15. nóvember 2024
24091365/202.00 RH

Efni: Heimsóknir bæjarstjóra í grunnskóla Kópavogs haustið 2024

Á tímabilinu 17. september til 9. október heimsótti Bæjarstjóri Kópavogs alla tíu grunnskóla Kópavogs. Tilgangur heimsóknanna var að skoða skólana og eiga samtöl við nemendur og starfsfólk skólanna.

Heimsóknirnar voru skipulagðar í samráði við skólastjóra þannig að tíma-setningar hentuðu hverjum skóla fyrir sig. Í upphafi hverrar heimsóknar hitti bæjarstjóri skólastjóra og aðstoðarskólastjóra viðkomandi skóla og gekk með þeim um skólann til að skoða húsnæði og aðstæður. Í framhaldi af því hitti bæjarstjóri fulltrúa nemenda og átti samtál við þá um skólastarfið og upplifun þeirra af námi og kennslu. Í flestum tilvikum var um að ræða nemendur í 10. bekk en í einu tilviki tók réttindaráð skólans þátt í samtalin og öðru tilviki nemendur af miðstigi. Skólastjórar höfðu frjálst val um hvaða nemendur voru útnefndir á fundinn. Í framhaldi af samtali við nemendur hitti bæjarstjóri fulltrúa kennara og annars starfsfólks í þrískiptum hópum á yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi.

Fyrir heimsóknirnar fengu kennarar og annað starfsfólk sendar nokkrar spurningar varðandi skólastarfið almennt, nám og kennslu í þeim tilgangi að undirbúa þau undir samtalið. Kennarar hvers stigs undirbjuggu sig saman og útnefndu úr sínum hóp fulltrúa til að sitja fund með bæjarstjóra. Ekki var óskað eftir svörum við spurningunum fyrirfram heldur var tilgangurinn fyrst og fremst að gefa starfsfólki tækifæri til umræðu og samráðs fyrir heimsóknirnar.

Þátttakendur í samtalinu í grunnskólunum tíu voru rúmlega 300 eða um 100, nemendur og rúmlega 200 kennarar og annað starfsfólk. Hver heimsókn tók að meðaltali u.p.b. 4 klst. Auk bæjarstjóra sátu fundina starfsfólk á menntasviði, þ.e. deildarstjóri grunnskóladeildar, sviðsstjóri menntasviðs og verkefnastjóri sem jafnframt gegndi hlutverki ritara á fundunum.

Heimsóknirnar tókust einstaklega vel og mikil ánægja var með þær meðal starfsfólks grunnskólanna. Samráðið var mjög gagnlegt og umræður uppbyggjandi og umbótamiðaðar.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðstjóri menntasviðs